

**Sp.**

**220. Fyrirspurn**

**[191. mál]**

til samgönguráðherra og félagsmálaráðherra um tjón á ljósleiðurum.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Ber sá ótakmarkaða ábyrgð á tjóni sem verður fyrir því óhappi að slíta af gáleysi ljósleiðara sem síminn er að leggja í jörð víða um land?
2. Er ekki nauðsynlegt að setja sérstök ákvæði í lög um merkingar á legu ljósleiðara, ábyrgð á tjóni, t.d. um hámarksábyrgð þeirra sem tjóni valda, og hugsanlegar tryggingar þar sem bótakröfur gætu numið óvenjulega háum fjárhæðum?
3. Kallar ekki úrskurður félagsmálaráðuneytis, dagsettur 4. ágúst 1987, varðandi samskipti Landssímans og skipulagsyfirvalda um lagningu ljósleiðara, á breytingu á gildandi skipulagslögum?